

Bolungarvíkurkaupstaður  
Einar Pétursson, hafnarstjóri  
Aðalstræti 12  
415 Bolungarvík

2003030054  
4100; 9310

Reykjavík, 16. júní 2004  
/--

### **Efni: Dýpkunarframkvæmdir í Bolungarvíkurhöfn, Bolungarvíkurkaupstað. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Hafnarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar dags. 17. mars 2003 og frekari gagna dags. 10. júní 2003 þar sem Skipulagsstofnun eru tilkynntar dýpkunarframkvæmdir í Bolungarvíkurhöfn, Bolungarvíkurkaupstað, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 2a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Bolungarvíkurkaupstaðar, Hafrannsóknastofnunarinnar og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Bolungarvíkurkaupstað með bréfi dags. 23. júní 2003, Hafrannsóknarstofnuninni með bréfum dags. 25. júní og 16. júlí 2003 og 7. júní 2004 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 30. júní og 14. júlí 2003 og 9. júní 2004.

Svör við umsögnum bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 4. júlí 2003, 26. maí 2004 og með tölvupósti dags. 7. júní 2004.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Um er að ræða dýpkun í innsiglingu og innan hafnar í Bolungarvík niður á 8,5 m til 9,5 m dýpi í þeim tilgangi að viðhalda nægjanlegu dýpi á hafnarvæðinu, samtals á um 44.300 m<sup>2</sup> svæði og er áætlað að magn dýpkunarefnis vegna framkvæmdarinnar verði um 77.000 m<sup>3</sup>. Upphaflega var gert ráð fyrir að losunarstaður dýpkunarefnis myndi verða á um 44.000 m<sup>2</sup> svæði á 10-14 m dýpi út af Óshólum í um 1,5 km fjarlægð frá höfninni, nánar tiltekið sem næst 66° 9' 22" norðlægrar breiddar og 23° 12' 21" vestlægrar lengdar. Í ljósi umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar var valinn annar losunarstaður á um 40 m dýpi, um 3 km frá höfninni á 66° 9' 45" norðlægrar breiddar og 23° 10' 39" vestlægrar lengdar. Stærð nýs losunarsvæðis verður óbreytt og miðast við að lagþykkt dýpkunarefnis á svæðinu verði að

meðaltali 2 m. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti tekið 6-12 mánuði.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt sýnatökum úr dýpkunarefni sé það í flestum tilfellum mjög fínn leir, þ.e. undir 0,5 m. Fram kemur að upphaflegt losunarsvæði fyrir dýpkunarefnið hafi verið valið af starfsmönnum hafnarinnar og Siglingstofnun í samráði við sjómenn, auk þess sem rannsóknir Náttúrufræðistofu Vestfjarða hafi bent til þess að aðstæður væru hagstæðar m.t.t. strauma, botnngerðar og áhrifa á botndýralíf, jafnframt því sem ekki sé fiskislóð á svæðinu. Í ljósi umsagna Hafrannsóknastofnunarinnar og Umhverfisstofnunar frá því í júní og júlí 2003 hafi farið fram rannsóknir á straumum og botndýrum á endurskoðuðu losunarsvæði dýpkunarefnis út af Óshólavita og ennfremur inn með Óshlíð. Niðurstöður þessara rannsókna hafi verið send Skipulagsstofnun í greinargerð dags. 26. maí 2004. Valin hafi verið 2 snið til sýnatöku á 5 stöðvum til að kanna botn og botndýralíf, auk straummælinga á 5 stöðvum. Samkvæmt athugunum sé straumur út af Óshólum og inn með Óshlíðinni góður. Enginn þröskuldur sé út af Óshólunum og svæðið því mjög opið og því mikil áhrif á losunarstað af völdum brims og strauma. Gera megi ráð fyrir að aðeins muni hluti losunarefnisins setjast á losunarstaðinn og afgangurinn muni dreifast inn með Óshlíðinni. Því muni efni hverfa á tiltölulega stuttum tíma af losunarsvæði og setjast til á nokkuð stóru svæði. Fram kemur að botndýrasamfélögin sem hafi fundist á svæðinu séu nokkuð algeng við landið og sé talið að áhrif losunarefnis á botndýralíf verði mjög staðbundið þar sem straumstefna sé afgerandi. Þegar botnngerð verði orðin svipuð og áður muni lífverur flytjast úr nágrenninu og botndýralíf verða áþekkt því sem áður hafi verið. Því muni losun fíns efnis við Óshóla hafa skammtímaáhrif á lífríkið og varanleg áhrif verði líklegast engin. Fram kemur að grugg muni berast inn með Óshlíðinni meðan á framkvæmdum stendur en gera þyrfti frekari rannsóknir til að áætla hve mikið og hversu langt gruggið berst og því væri æskilegt að ekki væri unnið að dýpkunarframkvæmdum í apríl og maí ef mikið af gruggi berist inn með Óshlíðinni vegna áhrifa á grásleppuveiði sem þar sé stunduð.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

Í umsögn Bolungarvíkurkaupstaðar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunarinnar kemur fram að framlögð gögn framkvæmdaraðila veiti ekki nægjanlegar upplýsingar um hvers konar lífríki sé á losunarstað en hugsanlegt sé að þar sé að nokkrum hluta um að ræða þaraskóg með fjölbreyttu lífríki. Ef um slíkt sé að ræða, sé líklegt að það taki langan tíma fyrir lífríkið að jafna sig á röskuninni, ef lausa efnið á annað borð hverfi af losunarstað. Niðurstöður straummælinga sem liggi fyrir nái yfir of stuttan tíma og veiti ekki upplýsingar um straum við botn á losunarstað og því sé erfitt að meta hvort eða með hvaða hætti efnið berist burt af staðnum. Fram kemur að við framkvæmdina verði hugsanlega talsverð röskun á fjölskrúðugu lífríki á losunarstað til langs tíma og því sé nauðsynlegt að kanna það miklu betur með viðeigandi aðferðum svo unnt sé að meta hvað tapist. Einnig ætti að athuga hvort ekki finnist aðrir hentugri losunarstaðir. Af þessum ástæðum telur Hafrannsóknarstofnunin að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er gerð athugasemd við ónákvæmni á staðsetningu

losunarstaðar og talið að fyrir liggi misvísandi upplýsingar um það hvort líkur séu á að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð áhrif á lífríki.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar komi sterklega til greina að athuga hvort ekki finnist aðrir hentugri losunarstaðir m.t.t. hugsanlegra áhrifa á lífríki botns. Framkvæmdaraðili hafi haft samband við Hafrannsóknastofnunina og fengið þau svör að lífríki á meira dýpi væri ekki eins viðkvæmt, auk þess sem botngerð væri úr fínna efni og að losun dýpkunarefnis hefði minni skaða á lífríki. Fram hafi komið að þaraskógur á svæðinu nái niður á 27 m dýpi. Í ljósi þessa álits hafi framkvæmdaraðili endurskoðað losunarstað dýpkunarefnis og verði hann á um 40 m dýpi um 3 km frá höfninni nálægt þeim stað sem greiparsýni 3 var tekið við rannsóknir. Nákvæm staðsetning losunarstaðar sé 66°9'45" norðlægrar breiddar og 23°10'39" vestlægrar lengdar. Fram kemur að dýpkunarframkvæmdir verði stöðvaðar á meðan á grásleppuveiði standi, ef að í ljós komi að gruggmyndun verði mikil.

Í frekari umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er bent á að þó framkvæmdaraðili hafi endurskoðað losunarstað dýpkunarefnis og fært hann utar á meira dýpi, komi hvorki fram í gögnum hvers konar botn sé um að ræða á þessum stað né hvers konar lífríki þar sé að finna. Í ljósi þess magns sem áætlað sé að losa og stærð svæðisins sem það mun þekja telji Hafrannsóknastofnunin æskilegt að gerð verði athugun á botndýralífi á losunarstað.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrir liggi nú nákvæm staðsetning endurskoðaðs losunarstaðar en áður en stofnunin geti tekið afstöðu til hugsanlegra umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar þurfi að leggja fram nýjar upplýsingar sem sýni með óyggjandi hætti hver verði hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki á nýjum losunarstað.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, í ljósi nýrra rannsókna á straumum og lífríki botns, kemur fram að botnset á dýpkunarstað sé mjög fíngert með >90% kornanna minna en 0,5 mm í þvermál. Samkvæmt niðurstöðum straummælinga, sem birtar hafi verið í greinargerð, hafi straumhraði við botn í námunda við losunarstað verið oftast 10-20 cm/sek. Auk þess sé losunarstaðurinn á opnu svæði og þar hafi vindur líklega umtalsverð áhrif á strauma. Í skýrslunni kemur fram að botndýralíf á losunarstað hafi ekki verið frábrugðið því sem gerist á grunnsævi við landið. Líklegt sé að við losun blandist fíngert setið sjó auðveldlega og gruggmyndun verði umtalsverð. Straumar kunni að þynna gruggið og bera megnið af því burt af svæðinu á tiltölulega stuttum tíma. Því sé líklegt að einungis hluti efnisins (sem er alls um 77.000 m<sup>3</sup>) setjist á sjávarbotn á losunarstað. Miðað við þessar forsendur og þá staðreynd að lífríki svæðisins teljist ekki sérstakt og áhrif framkvæmdanna vari í tiltölulega stuttan tíma, telji Hafrannsóknastofnunin ekki þörf á að fyrirhuguð framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar, í ljósi nýrra rannsókna á straumum og lífríki botns, kemur fram að með hliðsjón af fyrirbyggjandi upplýsingum sé ekki ástæða til að ætla að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa í för með sér umtalsverð áhrif á lífríki. Umhverfisstofnun telur að vegna grásleppuveiða eigi ekki að vinna að dýpkunarframkvæmdum í apríl og maí ef mikið berst af gruggi inn með Óshlíðinni. Umhverfisstofnun ítrekar fyrri ábendingar þess efnis að leita verður heimildar stofnunarinnar til að varpa dýpkunarefni í hafið skv. lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða efnistöku af hafsbotni vegna dýpkunar hafnarinnar í Bolungarvík og losun dýpkunarefnis í hafið á svæði í um 3 km fjarlægð frá höfninni. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að samkvæmt ábendingu Hafrannsóknastofnunarinnar hafi verið hætt við upphaflegan losunarstað dýpkunarefnis vegna hugsanlegra áhrifa á lífríki á sjávarbotni. Á nýjum losunarstað hafa verið gerðar rannsóknir á lífríki, auk straummælinga. Skipulagsstofnun telur að með hliðsjón af niðurstöðum fyrrnefndra rannsókna muni efnislosun ekki hafa veruleg áhrif á botndýralíf svæðisins sem er ekki frábrugðið botndýralífi almennt á grunnsævi við Ísland. Stofnunin telur að í ljósi straummælinga og að teknu tilliti til kornastærðar dýpkunarefnis sé líklegt að meginhluti efnisins berist frá svæðinu og dreifist á stærra svæði. Skipulagsstofnun telur að áhrif gruggs á grásleppuveiðar verði ekki veruleg þar sem fyrir liggur að ekki verði unnið að dýpkunarframkvæmdum á tímabilinu frá apríl til maí.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að efnistaka vegna dýpkunar Bolungarvíkurhafnar og losun efnis í hafið sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að dýpkunarframkvæmdir í höfninni eru háðar framkvæmdaleyfi Bolungarvíkurkaupstaðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Varp dýpkunarefnis í hafið er háð leyfi Umhverfisstofnunar skv. 13. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 19. júlí 2003.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Bolungarvíkurkaupstaður, Hafrannsóknastofnunin og Umhverfisstofnun.

